

## AUGLÝSING

**um deiliskipulag Hafnar-, Hóla-, Austur-, Mýra- og Marargötu, Sveitarfélaginu Vogum.**

Með vísan til ákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 16. júlí 2009 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Hafnar-, Hóla-, Austur-, Mýra- og Marargötu, Sveitarfélaginu Vogum. Breytingin felst í að lóðamörk milli lóða 5 og 7 við Hafnargötu eru færð 2 m til austurs og inn á lóð 5 er settur 65 fermetra byggingarreitur fyrir bílageymslu. Göngustígar milli Marargötu 3 og 5 og norðan Marargötu eru teknir út af deiliskipulagi.

Greinargerð og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Vogum, 7. september 2009.*

F.h. bæjarstjórnar,

**Eirný Valsdóttir** bæjarritari.

---

B-deild – Útgáfud.: 23. september 2009